

Dansað til sigurs á Spáni



Spámaður utan fjöðurlandsins



FASTEIGNASALAN  
**TORG**  
KRAFTUR TRAUST ÁRANGUR

Lífið > 16

Lífið > 16

# FRÉTTABLAÐIÐ

130. TÖLUBLAÐ 22. ÁRANGUR

frettabladid.is

ÞRIÐJUDAGUR 28. JÚNÍ 2022



Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu hélt til Póllands í gærmorgun þar sem stelpurnar ljúka undirbúningi sínum fyrir Evrópumótið sem hefst í júlí. Liðið leikur æfingaleik við Pólland, fer svo í stutta æfingaferð til Þýskalands og heldur svo til Englands 7. júlí. Íslenska liðið, sem er í riðli með Belgíu, Ítalíu og Frakklandi, leikur leiki sína á mótinu í Manchester og í Rotherham. **FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR**

## Vítalía og Arnar kærð fyrir tilraun til fjárkúgunar

Þrír menn, sem kona sakaði um kynferðisbrot í hlaðvarpsþætti í upphafi árs, hafa kært hana og fyrrverandi líkamsræktarþjálfara sinn til héraðssaksóknara. Í kærinni kemur fram að hún hafi enn ekki kært þá fyrir kynferðisbrot, þvert á yfirlýsingar þar um.

adalheidur@frettabladid.is

**LÖGREGLUMÁL** Vítalía Lazareva og Arnar Grant hafa verð kærð til héraðssaksóknara fyrir tilraun til fjárkúgunar, hótanir og brot gegn

friðhelgi einkalífs. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins. Kærendur eru Ari Edwald, Hreggviður Jónsson og Þórhildur Mór Jóhannesson.

Í kærinni, sem lögð var fram á föstudag, er rakin atburðarás sem kærendur segja hafa náð hápunkti í nóvember og desember 2021, mánuði eftir að Vítalía sakaði kærendur fyrst opinberlega um að hafa brotið gegn sér en nokkrum vikum áður en hún fór í viðtal í hlaðvarpsþættinum Eigin konur.

Greint er frá samskiptum Vítalíu við þremmingana á umræddu tímabili auk fjölda skilaboða til



**Kærendur eru Ari Edwald, Hreggviður Jónsson og Þórhildur Mór Jóhannesson.**

barna þeirra, eiginkvenna og samstarfsmanna í viðskiptalífínu. Þá eru raktar nafnlausar bréfasendingar til sömu aðila sem kærendur telja stafa frá kærðu. Hvort tveggja er að mati þeirra talið sýna ásetningu til fjárkú-

gunar en tilgangur sendinganna hafi verið að auka líkur á að fjárkúgun bæri árangur.

Þá herma heimildir blaðsins að kærendur hafi aflað staðfestingar ríkislögreglustjóra á því að engin kára um kynferðisbrot hafi verið lögð fram á hendur þeim, þrátt fyrir ítrekaðar hótanir þar að lútandi og fullyrðingar um að kára hafi þegar verið lögð fram.

Samkvæmt heimildum blaðsins óskuðu kærendur eftir því við lögmann, sem þekkir til fjölskyldu Vítalíu, að setja sig í samband við hana í því skyni að komast að því

hvað vekti fyrir henni. Er lögmaðurinn talinn mikilvægt vitni um atvik máls en hann er sagður hafa borið skilaboð frá hinum kærðu til kæranda um að greiða þyrfti alvöru fjárhæð til að allir gengju stoltir frá borði og hefðu hagsmuni af því að þegja.

Meðal gagna málsins er einnig skjáskot af skilaboðum til lögmannsins með hugmynd um greiðslu upp á 150 milljónir „eftir skatta“. Er í kærinni gengið út frá því að skilaboðin séu frá Vítalíu en Fréttablaðið hefur ekki fengið staðfest að svo sé. Ítarlega er fjallað um málið á vef Fréttablaðsins. ■

## Škoda Kodiaq Vinsæli ferðafélaginn!

Fjór hjóladrífinn, mjög vel útbúinn með 2.5 tonna dráttargetu

Verð frá 7.590.000 kr. — Eigum nokkra lausa bíla á lager!

**Hekla** Laugavegi 174, 105 Rvk. — [www.hekla.is/skodasalur](http://www.hekla.is/skodasalur)



## Hitinn ekki yfir tuttugu stig í júlí

thorgrimur@frettabladid.is

**VEÐUR** Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur, betur þekktur sem Siggí stormur, segir að miðað við reiknilíkön sjái hann ekki fyrir sér að tuttugu stiga hitamúrinn verði rofinn á Norðurlandi í júlí.

„Svipaða sögu er að segja syðra. Það er aldrei loku fyrir það skotið. Þessar spár ná kannski aldrei utan um toppana en það er óttaleg flatneskja í þessu.“



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur.

Sigurður segir kuldann í júní meðal annars skýrast af lægðum sem hafi farið suður eða yfir Ísland og hafi dregið á eftir sér kaldar og norðlægar áttir.

„Meginskýringin er að norðurátt er með loftmassa sem á uppruna sinn fyrir norðan land og hlýju tungurnar hafa verið að draga þær suður og austur fyrir land.“

Veðrið í júlí segir Sigurður að komi til með að vera með svipuðu móti. „Ef við erum að horfa á meðaltöl erum við alls ekki að skjóta yfir þau. Hins vegar er ágúst miklu jákvæðari á alla kanta.“ ■

## Hvalskurður í Hvalfirði



Hvalur 9 kom með sjöttu langreyði þessarar vertíðar að landi í Hvalstöðina í Hvalfirði í gærkvöld. Á myndinni má sjá þegar gert var að hvalnum. Hvalur 9 var smíðað árið 1952 í Langesund í Noregi. Í mars á þessu ári fór skipið í slipp þar sem það var málað og gert var við botnloka og tanka. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Efast um siðferði íslenskra fyrirtækja

bth@frettabladid.is

**NEYTENDUR** „Já, þau virðast ótrúlega óheppin í innkaupum, íslensku olíufélögin, þau virðast bara fylla á tankana hjá sér þegar allt er í hæstu prísnum, gleyma alveg þegar heimsmarkaðsverð hriðföllur að bregðast við,“ segir Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna.

Ólíuverð féll verulega í síðustu viku án þess að íslenskir neytendur hafi notið þess. Verðið á bensín-litra er í flestum tilvikum enn yfir 350 krónur.

„Því miður er þetta gömul saga og ný,“ segir Breki.

Hann segir að óheppni fyrirtækjanna nái einnig til banka og matvöruheðja. Þannig séu íslensku bankarnir fljótir að hækka vexti þegar Seðlabankinn gefur þann tón en fari sér að engu óslega í vaxtalækkunum þegar Seðlabankinn tekur slík skref.

„Þegar Seðlabankinn hóf vaxta-



Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna.

lækkunarferli fyrir rúmum tveimur árum biðu bankarnir í hálf tveimur árum þurfti skammir úr Svörtuloftum til að þeir hreyfðu sig.“

Þá segir Breki um hækkun vörverðs undanfarið að þar sé nú enn ein óheppnin í rekstri Haga. Félagið hafi á sama tíma og matvara hækkar dag frá degi þurft að birta jákvæða viðvörn til Kauphallarinnar um að hagnaður yrði enn meiri en búist hafði verið við.

„Fákeppnin sem hér er veldur því að það er enn mikilvægara en ella að fyrirtækin hafi siðferðisþáttinn í lagi,“ segir Breki. ■

## Fimmtán ára barðist við laxinn í fjörutíu mínútur

Hinn 15 ára Dagur Kort Ólafsson veiddi 102 sentímetra hæng í Laxá í Aðaldal um helgina. Dagur varð þar með yngsti Íslendingurinn til að fá inngöngu í hinn eftirsóttta 20 punda klúbb. Það tók 40 mínútur að landa risanum, sem er einn stærsti fiskur sem hefur veidst það sem af er sumri.

benediktboas@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** „Þetta var 40 mínútna reiptog og mikil átök. Dagur var alveg búinn á því í höndunum og mjög þreyttur en glaður þegar yfir lauk,“ segir Ólafur Helgi Kristjánsson, leiðsögumaður laxveiðimanna í Laxá í Aðaldal, en sonur hans, Dagur, sem er aðeins 15 ára, veiddi 102 sentímetra hæng um helgina.

Dagur er yngsti Íslendingurinn til að komast í hinn eftirsóttta 20 punda klúbb sem er tengdur Laxá í Aðaldal. Sá yngsti sem er í klúbbnum var aðeins 10 ára þegar hann landaði sínum laxi en sá er frá Englandi.

Ólafur segir að þetta sé eftir sínum bestu heimildum þriðji stærsti fiskur sumarsins.

Dagur setti í laxinn þegar hann var við veiðar í Sandeyrarpollni en hann var með fluguna Sunray Bismo á. Þeir feðgar eltu laxinn svo niður í Djáveitur þar sem honum var landað.

„Það voru um fimm gráður úti, norðan strekkingur og rigning. Það var ekkert spes en Dagur stóð sig vel og gerði þetta glæsilega. Við vorum að berjast við hann fram og til baka og hann stökk töluvert, straujaði alveg fram og til baka og svo í næsta hyl. Þá var bara að hlaupa á eftir honum og á endanum náðum við honum. Þá sáum við raunverulega hvað hann var stór. Hann mældist 102 sentímetrar



Feðgarnir með hænginn stóra sem mældist heilir 102 sentímetrar. Dagur setti í laxinn í Sandeyrarpollni en elti hann svo niður í Djáveitur þar sem honum var landað.

MYND/ADSEND



Við vorum að berjast við hann fram og til baka og hann stökk töluvert, straujaði alveg fram og til baka og svo í næsta hyl. Þá var bara að hlaupa á eftir.

Ólafur Helgi Kristjánsson

og var í ummáli 52 sentímetrar sem gerir um 23 pund,“ segir Ólafur.

Hann er einnig mikill veiðimaður og þekkir ána nánast eins og lófann

á sér enda búinn að vera leiðsögumaður þar í mörg ár. Hann hefur sjálfur veitt 98 sentímetra lax þannig að guttinn sló pabba sínum við. „Þetta var yndisleg stund og okkur var nú frekar heitt en kalt í þessum aðstæðum. Ég var reyndar trúlega í öllum veiðifötunum mínum og ullinni undir,“ segir hann léttur.

Ólafur á og rekur hinn rómaða veitingastað Brasseri Kársnes og fékk örlítið frí frá veitingahúsarekstri til að standa á árbakkanum. Hann segir að svona stórir fiskar séu ekkert góðir á bragðið en það sé þó ekki aðalástæðan fyrir því að þeim sé sleppt. „Stórir fiskar gefa af sér stóra fiska. Við erum að reyna að rækta upp stóra fiska í Laxá og á öllu Íslandi er stórum fiskum sleppt. Laxastofninn er í útrýmingarhættu og það eru ekki margir stórir eftir,“ segir Ólafur, sem stefnir ekki á mikið fleiri veiðidaga enda á veitingahúsið hug hans allan. ■

### AYJA - K129

3ja sæta, 2ja sæta og stóll.  
Margir litir af áklæði eða leðri.



Komið og skoðið úrvalið

**NYFORM**

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is



# AFGERANDI

## TOYOTA LAND CRUISER



Verð frá: 10.360.000 kr.

KINTO ONE Langtímaleiga

Verð frá: 213.000 kr.

### KAUPAUKI FYLGIR AFMÆLISÚTGÁFU

998.000 kr. kaupauki fylgir áfram í takmarkaðan tíma.\*

33" breyting, heilsársdekk og felgur, hliðarlistar, hlíf undir framstuðara, hlíf á afturstuðara, krómliði á hlera og krómstútur á púst.



TOYOTA TRYGGINGAR  
váttryggt af TM



Toyota Kaupþúni  
Kaupþúni 6  
570 5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
460 4300

Toyota Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 19  
420 6600

Toyota Selfossi  
Fossnesi 14  
480 8000



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS  
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Billinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. \*Gildir ekki með öðrum tilboðum eða LX útfærslu Land Cruiser og á eingöngu við um nýja bíla. Birt með fyrirvara um villur.

## Íhugar alvarlega formannsframboð

bth@frettabladid.is

**STJÓRN MÁL.** „Ég er að íhuga alvarlega að bjóða mig fram til formanns, en ég vil fyrst heyra í mínum félögum í flokknum og kanna hvort fólk vilji koma með í þetta stóra verkefni. Ef ég læt slag standa þá geri ég þetta ekki ein. Ég ætla að taka lokaákvörðun í sumar og reikna með að upplýsa um hana eftir verslunarmannahelgi,“ segir Krístrún Frostadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar.

Tvö nöfn hafa einkum verið nefnd um mögulega arftaka Loga Einarssonar. Hefur viðbragða Krístrúnar og Dags B. Eggertssonar verið beðið.

„Formannskosning snýst um málefni og áherslur fremur en einstakar persónur en ég hef fylgst með umræðunni og þykir vænt um að horft sé til mín,“ segir Krístrún.

Spurð hvort einu gildi hvaða ákvörðun Dagur B. Eggertsson muni taka um framboð, af eða á, segir Krístrún að ákvörðun hennar snúist fyrst og fremst um hvort hún upplifi samstöðu meðal flokksfélaga um þær hugmyndir sem hún hafi um að styrkja samfélagið.

„Við Dagur erum góðir vinir og vinnum vel saman. Hann mun taka sína ákvörðun út frá eigin brjósti.“ Samfylkingin fékk mest 20 þing-



Krístrún segir markmið flokksins að bæta styrk sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/EYVÖR

menn og var áður rætt um Sjálfstæðisflokkinn og Samfylkinguna sem turnana tvo. Í síðustu þingkosningum fékk flokkurinn undir 10 prósentu fylgi og sex þingmenn.

Krístrún segir enga spurningu að markmið flokksins sé að bæta við styrk sinn.

„Það eru miklir möguleikar til staðar fyrir flokkinn, annars væri ég ekki að íhuga þetta verkefni.“ ■

## Hafna gagnrýni Neytendasamtakanna

bth@frettabladid.is

**SAMGÖNGUR** Icelandair vísar á bug staðhæfingum Neytendasamtakanna um að félagið upplýsi ekki farþega um bótarétt þegar breyting á flugi leiði til kostnaðarauka.

„Við leggjum mikla áherslu á að upplýsa viðskiptavini okkar um réttindi,“ segir Guðni Sigurðsson, upplýsingafulltrúi hjá Icelandair.

Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna, sagði í Fréttablaðinu að misbrestur væri á upplýsingagjöfnni en Guðni bendir á vef Icelandair þar sem séu ítarlegar og aðgengilegar upplýsingar um réttindi farþega, skipt upp í nokkra flokka.

„Við birtum einnig upplýsingar um réttindi farþega á flugvöllum, við innritunar- og þjónustuborð, auk þess sem við sendum hlekk á upplýsingasíðu um réttindi farþega þegar við upplýsum farþega um áætlunarbreytingar sem eiga sér stað með meira en tólf klukkustunda fyrirvara. Ef fyrirvarinn er minni en tólf klukkustundir, þá er



Guðni Sigurðsson, upplýsingafulltrúi hjá Icelandair.

ferlið öðruvísi vegna þess hve stutt er í brottför,“ segir Guðni.

„Vert er að benda á að kostnaður félagsins við raskanir er ekki eingöngu til kominn vegna greiðslu staðlaðra skaðabóta heldur einnig vegna þjónustu sem farþegar eiga rétt á, líkt og til dæmis hvað varðar að endurgreiða, útvega annað flug, greiða máltíðir, gistingu og ferðir milli flugvallar og gististaðar,“ segir Guðni og á þar við allt flug á vegum Icelandair, einnig innanlands. ■



Aðeins 18 talmeinafræðingar útskrifast annað hvert ár sem er hvergi nærri nóg. MYND/HÁSKÓLI ÍSLANDS

## Á biðlista í tvö ár en samt fjögur hundruð á undan

Lyfta þarf grettistaki við fjölgun talmeinafræðinga til að saxa á margra ára biðlista barna með málproskaröskun. Forgangsröðun alvarlegra tilfella og miðlægur biðlisti strandar á erfiðum samningum við Sjúkratryggingar Íslands.

kristinnhaukur@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Víkkun á reglum um talþjálfun sem gerð var um áramót hefur aðeins skilað sér að takmörkuðu leyti til að minnka biðlista. Enn þarf að lyfta grettistaki hvað varðar fjölgun í stétt talmeinafræðinga til að börn fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á.

Sonur Láru Aradóttur er að verða fjögurra ára gamall og hefur verið á biðlista vel á annað ár. Hann er með alvarlega málproskaröskun sem hefur áhrif á nám og félagsþroska. „Sonur okkar er á biðlista hjá öllum talmeinafræðingum á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Lára. „Ég hringdi í eitt fyrirtækið um daginn og þá voru enn þá meira en 400 á undan á biðlista.“ Annað fyrirtæki var að byrja að taka inn börn sem skráð voru á biðlista í kringum áramótin 2019 og 2020.

Lára veit ekki hvenær sonur hennar kemst að. Hann er núna í talþjálfun hjá þroskaþjálfafyrirtæki tvisvar í viku. Það er ekkert niðurgreitt af Sjúkratryggingum og kostar fjölskylduna 100 þúsund krónur á mánuði.



Hann er að verða fjögurra ára og getur ekki myndað þriggja orða setningar.



Lára Aradóttir, móðir drengs með málproskaröskun.

„Hann er að verða fjögurra ára og getur ekki myndað þriggja orða setningar,“ segir Lára sem telur að það vanti gagnagrunn til að hafa yfirsýn yfir þá sem eru á biðlista og forgangsröðun fyrir börn með alvarlegustu tilfellin.

Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra afnam um áramót skilyrði um tveggja ára starfsreynslu talmeinafræðinga til að komast á samning hjá Sjúkratryggingum. Kristín Theódóra Þórarinsdóttir, formaður Félags talmeinafræðinga, segir að enn sem komið er hafi þetta aðeins haft áhrif á Akureyri þar sem talmeinafræðingar komust á samning. Háskóli Íslands útskrifi 18 manns annað hvert ár og í ár útskrifist fyrsti hópurinn undir hinum nýju reglum.

„Við vissum að breytingin myndi ekki ná að dekkja þjónustu allra þeirra barna sem eru að biða,“ segir Kristín. „Það er almennt stefna sveitarfélaganna að afnema biðlista en það teljum við óraunhæft. Það eru biðlistar alls staðar. Vitaskuld viljum við ekki hafa neinn biðtíma heldur geta sinnt börnum eins fljótt og hægt er.“

Nýlega voru gefnar út niðurstöður Landsráðs um menntun og mönnun í heilbrigðiskerfinu um talmeinaþjónustu. Helsta útkoman var að fjölga þurfi námsstöðum og mögulega bjóða upp á nám árlega. „Talmeinafræði er eftirsótt nám. Það komast færri að en vilja,“ segir Kristín. Fólk hafi samband við félagið til að fá upplýsingar um nám erlendis.

Félag talmeinafræðinga telur að til að minnka biðlistann þurfi yfirlýðing að auka verulega fjármagn til námsins. Í dag eru um 140 talmeinafræðingar í félaginu en ekki allir sem sinna talþjálfun á samningi hjá Sjúkratryggingum Íslands.

Nú standa yfir samningaviðræður félagsins við Sjúkratryggingar þar sem ákveðin markmið eru til umræðu, meðal annars forgangsröðun þjónustu og miðlægir biðlistar, eins og áður hefur verið nefnt.

„Það gengur mjög illa að semja. Við köllum eftir meiri skilningi hins opinbera á mikilvægi þjónustunnar,“ segir Kristín. Bæði sveitarfélög og ríki þurfi að sýna viljann í verki og setja málefni barna með málproskaraskanir í forgrunn. ■

## 100% RAFMÖGNUM ÍTÖLSK HÖNNUN

Með 3+1 hurðum og allt að 433 km drægni

Hvað nærðu að gera á fimm mínútum? Það tekur Fiat 500e aðeins fimm mínútur í hraðhleðslu að ná 50km akstursdrægni. Fiat 500e sameinar gæði og tímalausa ítalska hönnun sem hentar vel fyrir þá sem þurfa að komast örugglega á milli staða innanbæjar.





# NÁTTÚRULEGA GOTT GRILLSUMAR

MEÐ ÍSLENSKU LAMBAKJÖTI

Langþráð sumar með samveru, gleði og góðum mat. Njótum daganna með því besta sem við eigum og grillum lambakjöt – náttúrulega.

Skoðaðu uppskriftirnar á [islensklambakjot.is](http://islensklambakjot.is)

## Enginn með Covid á gjörgæsludeild

birnadrofn@frettabladid.is  
benediktarnar@frettabladid.is

**COVID-19** Í gær var 31 sjúklingur innliggjandi á Landspítala með Covid-19. Enginn sjúklingur var á gjörgæsludeild spítalans.

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir segist undanfarið hafa séð fjölgun í smitum hér á landi, daglega greinist opinberlega upp undir 350 manns með sjúkdóminn. „Flestir af þeim sem eru að smitast er fólk sem er að smitast í fyrsta sinn. Þannig við vitum það að bólusetningin kemur ekki í veg fyrir smit, en hún kemur í veg fyrir alvarleg veikindi.“



Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir.

Opið hús er fyrir einstaklinga með undirliggjandi sjúkdóma og fólk 80 ára og eldra í bólusetningu í Alfa-bakka 14a út þessa viku. Aðrir sem vilja þiggja bóluefni skulu pantast tíma á sinni heilsugæslustöð. ■

## Fjöldi sjálfsvíga stendur í stað

erlamaria@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Fjöldi sjálfsvíga árið 2021 var þrjátíu og átta, eða rúmlega tíu á hverja hundrað þúsund íbúa. Þetta kemur fram á heimasíðu Embættis landlæknis. Þessar tölur eru áþekkar tölum fyrri ára, en að meðaltali voru þrjátíu og átta sjálfsvíg á ári frá 2017 til 2021. Sé litið til fimm ára tímabils þar á undan, 2012 til 2016, voru sjálfsvíg að meðaltali fjórutíu og tvö á ári, eða rúmlega þrettán á hverja hundrað þúsund íbúa. ■



Umsóknir í leikskólakennaranám hafa aukist um tuttugu prósent.

## Fleiri vilja verða leikskólakennarar

erlamaria@frettabladid.is

**MENNTAMÁL** Umsóknir um nám í leikskólakennarafræði hefur fjölgað um tuttugu prósent milli ára, sem er veruleg aukning frá síðustu árum. Alls hafa 110 umsóknir borist Háskóla Íslands.

Síðustu þrjú ár hefur útskrifudum leikskólakennurum fjölgað jafnt og þétt. Árið 2020 brautskráðist tuttugu og einn leikskólakennaranemi frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands, árið 2021 voru þeir fjórutíu og níu, og síðustu helgi útskrifuðust sjötíu leikskólakennaranemar.

Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, dósent og umsjónarmaður námsleiðar í leikskólakennarafræðum við Háskóla Íslands, segir aukninguna hafa mikla þýðingu fyrir leikskólakennarafræðingum. „Kennarastarfið er eitt mikilvægasta starfið í samfélaginu. Það er mjög mikilvægt að í leikskólum starfi leikskólakennarar og þeir hafi þá fagþekkingu sem til þarf, bæði upp á gæði starfsins og menntun yngstu barnanna.“ ■

# Segja íbúa Evrópu lamaða vegna Úkraínustríðs

bth@frettabladid.is

**UMHVERFISMÁL** Á umhverfissfundi Sameinuðu þjóðanna í Naíróbí fyrir skömmu lýstu nokkrir fulltrúar þeirri yfir að Evrópubúar virðast lamaðir vegna stríðsins í Evrópu, á meðan þróunarlönd sem búa oft við atök í sínu nærumhverfi ná að halda áfram alþjóðlegu umhverfissamstarfi. Nokkrum alþjóðlegum leiðtogafundum Sameinuðu þjóðanna hefur verið frestað vegna stríðsins, til dæmis um nýja sáttmála um líffræðilegan fjölbreytileika og gegn plasti í hafinu.

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, segir

alvarlegt mál að innrásin í Úkraínu hafi haft neikvæð áhrif á vonir mannkyns um mikilvægar mót-vægisáðgerðir til varnar hnattrænni hlýnun.

„Fyrir nokkrum mánuðum ákvað ESB að gas væri „græn orka“ til bráðabirgða. Það breyttist snarlega þegar Rússar réðust inn í Úkraínu,“ segir Árni.

Í Þýskalandi og fleiri ríkjum er nú talað um að dusta rykið af mjög mengandi kolaorkuverum sem verða að óbreyttu gangsett í haust eftir að hafa staðið lokað um skeið. Rússneskt gas streymir í minna mæli um heimsbyggðina en áður og framleiðsla á endurnýjanlegri



Árni Finnsson.

orku virðist ekki næg til að Vesturlönd telji sig geta plumað sig án rússneska gassins þótt minna sé keypt en fyrir innrás.

„Ekki er gott að segja hversu langan tíma tekur fyrir Evrópu, ekki síst Þýskaland, að auka framleiðslu á endurnýjanlegri orku til að bæta upp mikið magn olíu og gass frá Rúss-

landi og komast hjá að fjármagna stríðið gegn Úkraínu,“ segir Árni.

„En það er sannarlega þínlegt að sú stefna Angelu Merkel að eiga uppbyggileg samskipti við Pútín reynist byggð á sandi. Sömuleiðis þínlegt fyrir Mercedes Benz, BMW og Volkswagen, sem eru enn á eftir Tesla í hönnun og framleiðslu á rafknúnum bílum.“

Árni segir ástandið ekki batna við að Greta Thunberg bendi stöðugt á að ríkisstjórnir Vesturlanda segi eitt og geri annað.

„Afleiðingin er að þessi ríki eru háð stríðsherra sem fremur hvert glæpaverkið á eftir öðru,“ segir Árni og á við Pútín. ■

# Tvöföldun í dagdrykkju gamalmenna

Alkóhólistum fjölga ört í hópi eldri borgara landsins. Beinbrot, óhamingja og svefntruflanir meðal fylgifyska ofneyslu. Formaður SÁÁ segir samfélagið gegnsósa í áfengi.

bth@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Anna Hildur Guðmundsdóttir, formaður SÁÁ, segir að áfengi sé alltumlykjandi í þjóðfélaginu. Neysla þess sé upphafin við öll tækifæri á sama tíma og æ fleiri miðaldra Íslendingar og eldri borgarar ánetjist áfengisfíkn með ömurlegum afleiðingum.

Af innlagnartölum á Vogu má sjá tæpa tvöföldun í dagdrykkju 61 árs og eldri sem leita sér aðstoðar á tíu árum. Um 5 prósent sögðust drekka hvern dag árið 2011 en níu prósent í fyrra. Valgerður Rúnarsdóttir, yfir-læknir á Vogu, segir jákvæða þróun hafa orðið hjá ungu fólki en þróunin hjá hinum eldri sé alvörumál. Drykkju rígfúllorðin fylgi oft leynd og skömm.

Anna Hildur bendir á að fólk á vinnumarkaðsaldri njóti ákveðins aðhalds af vinnunni, fólk þurfi að halda sér í lagi, vakna á morgnana og mæta í sæmilegu standi til vinnu. Við starfslok geti skapast hætta hjá ekki síst þeim sem áttu í vanda með áfengi en náðu að stramma sig af vinnunnar vegna.

„Þá hverfa oft ýmsar skyldur og hömluleysið tekur við. Áfengisneyslan fer úr böndunum og afleiðingarnar geta orðið hrikalegar,“ segir Anna Hildur.

Áfengi leikur að sögn Önnu Hildar neytendur harðar eftir því sem fólk eldist. Áfengisneysla rugli svefninn og jafnvægisþögn verði oft illa úti hjá eldri borgurum í kjölfar ótæpilegrar neyslu. Þá stórukist hætta á ýmsum byltum. Drukknir eldri borgarar endi oft á slysaðeild með beinbrot eða aðra áverka.

„Verst er þegar fólk drekkur ofan í lyfin sín. Lyf og áfengi eru mjög



Á heimilum margra öldunga á Íslandi er falinn áfengisvandi. Anna Hildur Guðmundsdóttir, formaður SÁÁ, segir samfélagið hreinlega gegnsósa í brennivíni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Það er hálf gert tabú að ræða þessi mál.



Anna Hildur Guðmundsdóttir, formaður SÁÁ.

slæmur kokteill,“ segir Anna Hildur.

Þar sem æ fleiri ungmenni kjósi nú áfengislausan lífsstíl þykir ýmsum sem þróunin í efri aldursþópum skjóti skökku við. Anna Hildur segir að fólk megi ekki gleyma að alkóhólismi sé ekki alltaf genabundinn heldur stundum áunninn.

„En það er hálf gert tabú að ræða þessi mál. Ein ástæðan er þessi rosa-lega áfengisdýrkun í samfélagi sem stundum virðist hreinlega gegnsósa af áfengi.“

Anna Hildur bendir á að einstaklingur sem fylgist með samfélagsmiðlum, uppfullum af

afrekum hinna sterku, frjóu og idjusömu, geti fundið til vanmáttar og valið að deyfa sig með áfengi.

„Við sjáum að margir pósta myndum af sigurum þegar þeir ná á fjallstind með því að lyfta glasi. Það eru ótal myndir úti um allt þar sem fólk fagnar sigurum með áfengi. Með þessu er búið að tengja áfengisneyslu við heilbrigðisviðburði, sem orkar vægast sagt mjög tvímælis,“ segir Anna Hildur.

SÁÁ blæs til ráðstefnu í haust í vakningarskyni þar sem fjallað verður meðal annars um skaðlega samfélagslega viðurkenningu á drykkju. ■

# Matarkarfan nær tvöfalt dýrari hér en á Spáni

olafur@frettabladid.is

**NEYTENDUR** Í nýlegum verðsamburði, sem Veritabus gerði milli Íslands, Bretlands, Svíþjóðar og Frakklands, kom fram að matvara á Íslandi er mun dýrari en í nágrennalöndum okkar.

Mestur var munurinn milli Bretlands og Íslands, en matarkarfan var 38 prósentum ódýrari í Tesco en í Krónunni.

Nú hefur Veritabus framkvæmt sömu verðkönnun á Spáni og matarkarfan í verslanakeðjunni

Mercadona er 75 prósentum ódýrari en í Krónunni. Mjólkurvörur eru næstum 90 prósentum dýrari hér á landi, kjöt 116 prósentum og braud 80 prósentum.

Krónan er notuð til viðmiðunar vegna þess að hún var ódýrasta verslunin í könnuninni hér á landi. Kannad var verð í netverslunum, en Bónus er ekki með netverslun.

Veritabus spáir því að vísitala neysluverðs hér á landi hækki um eitt prósent milli mánaða. Gangi það eftir nemur hækkingin á síðustu tólf mánuði 8,3 prósentum.



Kjöttvörur eru meira en helmingi ódýrari á Spáni en hér á landi.

Bæði Íslandsbanki og Landsbankinn spá nokkru meiri hækkingu vísitölunnar.

Hækkunin er drifin af hækkingu á leigu og reiknaðri húsaleigu, matvöru og eldsneyti. Að mati Veritabus hækka húsnæði, hiti og rafmagn um 1,4 prósent milli mánaða, eða 12,7 prósent síðustu tólf mánuði. Ferðir og flutningar hækka um 2,7 prósent milli mánaða og 11,8 prósent á síðustu tólf mánuðum.

Þá hækka matur og drykkjavörur um 0,7 prósent milli mánaða og átta prósent síðustu tólf mánuði.

Hagstofan birtir vísitölu neysluverðs á morgun. ■

**LAVOR**Gott verð  
fyrir alla í  
**20 ár**

2002 – 2022

**Afmælistilboð á Lavor háprýstidælum!****Lavor STM 160 WPS háprýstidæla með RISA-stórum aukahlutapakka**Mótor: 2500W  
Prýstingur: 160 bör  
Vatnsflæði: 510 l/klst.**31.196**

Áður 38.995 kr.

**Lavor Predator 180 Digital háprýstidæla með aukahlutapakka**Mótor 2500W  
Prýstingur Max: 180 bör  
Vatnsflæði: 510 l/klst.**35.992**

Áður 44.990 kr.

**Lavor LVR4 Plus 160 WPS háprýstidæla með aukahlutapakka**Mótor: 2500W  
Prýstingur Max: 160 bör  
Vatnsflæði Max: 510l/klst.**31.992**

Áður 39.990 kr.

**Lavor Cruiser 200 háprýstidæla**Mótor: 2300W kolalaus induction  
Prýstingur Max: 200 bör  
Vatnsflæði Max: 300 l/klst.  
Hose Reel-In-Pressure kerfi**47.992**

Áður 59.990 kr.

**Lavor Galaxy 150 háprýstidæla**Mótor: 2100W  
Prýstingur Max: 150 bör  
Vatnsflæði Max: 450l/klst.**23.992**

Áður 29.990 kr.

**Lavor HPC Wave up 125 háprýstidæla**Mótor: 1800W  
Prýstingur Max: 125 bör  
Vatnsflæði Max: 400l/klst.**19.192**

Áður 23.990 kr.

**Lavor HPC Fast 120 háprýstidæla**Mótor: 1700W  
Prýstingur Max: 120 bör  
Vatnsflæði Max: 330l/klst.**11.992**

Áður 14.990 kr.

SENDUM UM  
LAND ALLT!  
[www.murbudin.is](http://www.murbudin.is)**MÚRBÚÐIN**  
Gott verð fyrir alla í **20 ár**  
2002 – 2022

## Þungunarþvingun



Björk  
Eidsdóttir  
bjork  
@frettabladid.is

Skadinn sem fyrrverandi forsetinn Donald Trump náði að valda á stuttri en afdrifari stjórntíð sinni er enn að koma fram í dagsljósið. Á embættistíma sínum skipaði hann í Hæstarétt Bandaríkjanna þrjá dómara og tryggði þannig að æðsti dómstóll í landi hinna frjálsu væri að meirihluta skipaður afturhaldsseggjum. Þetta gerði hann til að tryggja sér völd og nú raungerast hryllilegar afleiðingar þess. Förnarkostnaðurinn er skertur réttur kvenna til þungunarrofs.

Fyrir helgi sneri dómstóllinn, sem skipaður er sex íhaldssömum dómurum og þremur frjálslyndari, við einum sögufrægasta dómi bandarískrar réttarsögu, Roe vs. Wade. Dómi sem verndað hefur rétt bandarískra kvenna til þungunarrofs í tæpa fimm áratugi, eða frá árinu 1973.

Það voru fimm eldri karlar og ein strangtrúuð sjö barna móðir sem kusu gegn rétti kvenkyns samlanda sinna til að binda endi á þungun sem þær vilja ekki ljúka. Tvær konur og einn karl við dóminn, hinn frjálslyndari hluti, vildu vernda þennan sjálfsgöða rétt og létu andmæli fylgja dómnum þar sem sagði að þau syrgðu að með honum töpuðu milljónir bandarískra kvenna grundvallarréttindum sínum.

Það eru komin um tvö ár síðan ég fyrst reifaði á þessum vettvangi áhyggjur mínar af vali Donalds Trump á hæstaréttardómurum, þar var línan lögð og á stuttum tíma hafa svörtustu spár gengið eftir. Grundvallarréttindi hálftrar bandarísku þjóðarinnar eru felld úr gildi og heilsu og lífi stúlkna og kvenna jafnvel stefnt í hættu. Er þetta gert í skjóli kristinna gilda sem eru neydd upp á trúaða sem trúlaus. Gildi sem hinir íhaldssömu kristnu túlka á sína lund, þar sem þungunarrof er ekki til umfjöllunar í Biblíunni, enda hlutar hennar allt frá bronsöld.

Þessi áður óhugsandi afturför í lagasetningu fær mann til að leiða hugann að því hvað gerist næst. Sterka vísbendingu má finna í ákalli eins dómara, Clarence Thomas, til réttarins. Við atkvæðagreiðslu sína kallaði hann eftir því að Hæstiréttur leiddi þau mistök sem gerð hefðu verið í fordæmisgefandi dómum er leyfa hjónabönd og jafnvel sambönd samkynhneigðra.

Hér er lögfræði notuð til að snúa upp á lýðræðið enda hafa kannanir sýnt að meirihluti bandarísku þjóðarinnar er fylgjandi rétti kvenna til þungunarrofs.

Bandaríkjamenn hafa um helgina sýnt að þessu verði ekki tekið þegjandi enda kvíðvænlegt að ímynda sér á hvaða áratugi fortíðarinnar við gætum lent með áframhaldandi afturför.

Slagorð á við: Ekkert leg – engin skoðun, hafa verið áberandi, enda kannski eðlileg krafa að þeir aðilar sem löggjöfin nær yfir hafi eitthvað um hana að segja. ■

Þessi sögulega og áður óhugsandi afturför í lagasetningu fær mann til að leiða hugann að því hvað gerist næst.

**MANIC PANIC** N.Y.C.  
Hárskolin fást hjá okkur

**HOKUS POKUS**  
www.hokuspokus.is  
Verslun og vefverslun  
Laugavegi 69 S. 551-7955

## ■ Halldór



## ■ Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

## Sumarið

Þá er sumarið byrjað að minna á sig með öllum sínum vonbrigðum, en vatn er tekið að frjósa í krönum á heiðum uppi og talsvert farið að snjóa í fjöll um norðanvert landið – og jafnvel líka í byggð, þar sem menn keppa í golfi í kraftgöllum. Úr svona ósköpum eru Íslendingar sniðnir, þótt þeir eigi sjálfir erfitt með að sætta sig við það á þessu bjartasta skeiði ársins þegar álika miklar líkur eru á hagléli og hitavellu upp á heilar fimmtán gráður, en þá er vanalega gefið frí á íslenskum vinnustöðum. Allt minnir þetta á vísuna góðu:

Sumarið er súddi  
og svona fimm gráður,  
tímabundinn tuddi  
og tæpast allsgáður.

## Og kvöldin

Það er vegna þessa ótrygga sumarveðurs, sem er raunar álika ófyrirséð og krönan, að landsmenn snúa út úr öllu saman, af því að það verður að hafa húmor fyrir íslensku sumri ef menn eiga að komast í gegnum það, andlega sem líkamlega. Af þessum sökum byrjar íslenskt sumar á sumardegnum frysta – og af sömu ástæðum er kunnugu kvæði Þorsteins Erlingssonar snúið rækilega á hvolf með þeim orðum að þegar saman safnast var, hafi það verið ... sumarkvöldin fjögur. ■

## Sótt að kvenfrelsi um allan heim



Þórunn Sveinbjarnardóttir  
þingkona Samfylkingarinnar

Baráttan fyrir frelsi kvenna snýst um yfirráð þeirra yfir líkama sínum og lífi. Að konur hafi sjálfsákvörðunarrétt í eigin lífi. Lögfesting réttinda og aðgengi að nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu er forsenda þess að mannréttindi séu virt. Frelsi kvenna og sjálfsákvörðunarréttur fer einnig hönd í hönd með fjárhagslegu sjálfstæði þeirra. Oftan er ekki ræður fjárhagsleg staða kvenna miklu um raunverulegt frelsi þeirra.

Meirihluti Hæstaréttar Bandaríkjanna ákvað í liðinni viku að nema úr gildi stjórnarskrárbundinn rétt kvenna til þungunarrofs. Það þýðir að þau réttindi eru nú háð ákvörðunum ríkisþinga. Nú þegar hafa lög tekið gildi í mörgum ríkjum sem leggja nær undantekningarlaust bann við þungunarrofi. Dómara og stjórnálamenn varðar hvorki um nauðganir, sífjaspell né líf og heilsu kvenna. Þau eru drifin áfram af ófgasinnadri bókstafstrú en ekki hugmyndum réttarríkisins. Það eiga þau reyndar sameiginlegt með bókstafstrúarmönnum um allan heim, hvort sem þeir tilheyra kristinni eða kaþólskri kirkju, íslam eða hindúisma. Bakslagið er víðar en í Bandaríkjunum eins og dæmin sanna, en áfallið er þyngra þegar í hlut á land sem hefur lengi gefið sig út fyrir að vera í forystu lýðræðis í heiminum.

Um allan heim eiga kvenréttindi og mannréttindi minnihlutahópa í vök að verjast. Pólitisku ofbeldi vex ásmegin og réttarbætur sem sóttar hafa verið á liðnum áratugum eru í hættu. Það á líka við um mannréttindi hinsegin fólks. Á Íslandi eru einungis þrjú ár frá því að Alþingi tryggði réttinn til þungunarrofs án takmarkana sem áður höfðu verið í gildi. Það var löngu tímabær og nauðsynleg réttarbót. Nú reynir á stjórnálahreyfingar sem styðja kvenfrelsi og mannréttindi allra hópa í samfélaginu. Íslensk stjórnvöld verða að tala skýrt á alþjóðlegum vettvangi gegn þeim sem hrífa mannréttindi af fólki. Við í Samfylkingunni munum ekki gefa neitt eftir í þeirri baráttu. Henni er sannarlega ekki lokið. ■

Þórunn Sveinbjarnardóttir  
þingkona Samfylkingarinnar



# Á stjórn Seðlabanka heima inni við Sund?



**Ole Anton Bieltvedt**  
samfélagsrýnir og  
dýraverndarsinni

Þessi spurning er auðvitað ansi kræf, hér er verið að tala um seðlabankastjóra og peningastefnu-nefnd, eitt valdamesta stjórnvald landsins, en, ef svarið skyldi vera „já“, þá er spurningin ekki aðeins réttmæt, heldur brýn.

Fasteignamarkaðurinn samanstendur af þeim húsbýggjendum og hús- eða íbúðareignum, sem eru að bjóða og selja fasteignir, íbúðir sínar, svo og þeim, sem eru að kaupa og fjárfesta í húsnæði, nú, á líðandi stundu.

Á þessum markaði er tiltölulega lítill hópur, lítill hluti landsmanna, en stærð hans má marka af því, að þörf er talin á 3–4.000 nýjum íbúðum á ári. Um 10–12.000 afsölum vegna fasteignakaupa mun vera gengið frá á ári.

Þeir sem seldu eða keyptu fasteignir í gær, í síðasta mánuði, í fyrra eða áður, eru auðvitað ekki lengur á fasteignamarkaði, þeir eru komnir af honum.

Þessi hópur, sem er stór, mikill hluti landsmanna, hefur ekkert lengur með fasteignamarkaðinn að gera.

Bara sá hópur sem var á fasteignamarkaði, en er kominn af honum og skuldar húsnæðislán með breytilegum vöxtum, mun vera um 50.000 lántakendur, 120–150.000 manns. Verulegur hluti landsmanna.

Þegar stýrivextir eru hækkaðir, hækka vextir til húsnæðiskaupa líka, þannig að kaupendur sem þurfa lán til kaupanna verða að greiða hærri vexti af lánum. Þetta dregur úr kaupgetu og kaupvilja, minnkar eftirspurn þess tiltölulega litla hóps sem er á húsnæðismarkaði.

Stýrivaxtahækkun bitnar hins vegar líka á öllum þeim, margfalt stærri hópi, sem kominn er af húsnæðismarkaði, en skuldar enn húsnæðislán með breytilegum eða verðtrygðum vöxtum.

Sá hópur sem skuldar meðalstórt húsnæðislán, 35 milljónir, en þetta eru um 50 þúsund fjölskyldur, eins og fram kom, allar löngu komnar af húsnæðismarkaði, þurfa nú að borga 80.000 krónur meira á mánuði, milljón á ári, en þær þurftu, áður en Seðlabanki byrjaði að hækka stýrivexti.

Fyrir mér er það glórulaust, nánast geðveiki, að Seðlabanki geri ráðstafanir til að hindra lítinn hóp í fasteignakaupum á kostnað þess, að lífskjör og afkoma margfalt stærri hóps séu alvarlega löskuð, stórskert.

Í viðtali við Innherja/Vísí 4. maí sl. sagði seðlabankastjóri: „Við erum að reyna með þessu (þessum stýrivaxtahækkunum) að vinna í haginn fyrir komandi kjarasamninga.“

Heldur maðurinn virkilega að hann sé að búa í haginn fyrir komandi kjarasamninga með því að skerða kjör 50.000 fjölskyldna um 80 þúsund krónur á mánuði?!

Allt þetta fólk, um þriðjungur þjóðarinnar, þarf nú 100–120 þúsund króna hærri laun á mánuði – skattar dragast frá – bara til að greiða hækkaða vexti af húsnæðislanum sínum!

Þetta er ekki að búa í haginn, heldur að stórspilla fyrir komandi kjarasamningum!

Í sama viðtali sagði seðlabankastjóri þetta: „Við höfum tækin sem þarf til að ná niður verðbólgunni og við getum beitt þeim af fullum þunga. Ef við þurfum að gera það í andstöðu við aðila vinnumarkaðarins... þá þýðir það einungis að Seðla-

banki þarf að keyra hagkerfið niður í kreppu.“

